

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsgjald, notkunargjald, mælaleigu og heimæðargjald í Súðavíkurbhreppi.

1. gr.

Vatnsgjald.

Af öllum fasteignum í Súðavíkurbhreppi sem tengdar eru vatnsveitu Súðavíkurbrepps, ber að greiða vatnsgjald árlega til sveitarsjóðs, nema sérstaklega sé um annað samið.

2. gr.

Stofn til álagningar vatnsgjalds.

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,25% af fasteignamati íbúðarhúsa og -lóða, 0,30% af fasteignamati annars húsnæðis og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

3. gr.

Gjalddagar.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist vatnsgjaldið með fasteignasköttum.

4. gr.

Mælaleiga.

Greiðendur notkunargjalds skulu árlega greiða mælagjald vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælaleiga kr. á ári</i>
< 50 mm	12.000
50-100 mm	24.000
> 100 mm	60.000

5. gr.

Heimæðargjald.

Heimæðargjald skal taka mið af gerð, stærð og lengd heimæðar. Miðað er við að ídráttarrör hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá lóðarmörkum að inntaksstað mannvirkis og frágangur hafi verið samþykktur af Súðavíkurbhreppi.

Þvermál inntaks	32 mm	40 mm	50 mm	63 mm	75 mm	90 mm	> 90 mm
Fastagjald kr.	60.000	75.000	95.000	120.000	140.000	160.000	200.000
Gjald á metra í kr.	2.000	2.200	2.500	2.900	3.500	4.000	6.000

Yfirlengd reiknast af heimitaug sem er lengri en 25 metrar í lóð viðkomandi mannvirkis. Fyrir heimæðar 110 mm og víðari greiðist samkvæmt reikningi.

6. gr.

Ábyrgð á greiðslu gjalda.

Vatnsgjald og heimæðargjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur aðfararheimildar skv. 2. mgr. laga nr. 32/2004, sbr. 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. Notkunargjald og leigugjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

7. gr.
Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Súðavíkurhrepps, staðfestist hér með samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og 11. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga. Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

Samþykkt í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps, 11. febrúar 2022.

Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 24. júní 2022